



## Breytt stjórnskipan

Í upphafi skólaársins urðu töluverðar breytingar á stjórnskipan Kópavogsskóla þar sem ein staða deildarstjóra hefur verið lögð niður í sparnaðarskyni líkt og í öðrum grunnskólum Kópavogs. Þessar breytingar eru einn liður í sparnaði í rekstri skólanna en augljóslega kemur það niður á ýmsum þáttum skólastarfsins. Sjöfn Aðalsteinsdóttir sem hefur verið deildarstjóri eldra stigs undanfarin ár er í námsleyfi skólaárið 2010-2011. Þau störf sem voru á hennar hendi hafa skipst á aðra stjórnendur skólans. Þeir eru nú Guðmundur Ásmundsson skólastjóri, Ólína Þorleifsdóttir aðstoðarskólastjóri og Gerður Helgadóttir deildarstjóri. Gerður mun eftir sem áður sinna deildarstjórn á yngra stigi en Ólína hefur tekið að sér deildarstjórn á eldra stigi (6.-10. bekk). Viðbúið er að ekki verði hægt að sinna öllum erindum jafn fljótt og verið hefur en reynt verður að hraða málum eins og unnt er.

## Kynning á nýjum aðstoðarskólastjóra

Ólína Þorleifsdóttir sem var ráðin í stöðu aðstoðarskólastjóra Kópavogsskóla í sumar er 37 ára og kemur frá Þorlákshöfn. Hún er gift Jóni Páli Kristóferssyni og þau eiga dæturnar Sigrúnu Sól 13 ára, Dagrúnu Ingu 9 ára og Guðrúnu Önnu sem er tveggja ára. Ólína er alin upp í Þorlákshöfn og gekk þar í grunnskóla en þaðan lá leiðin í Menntaskólann við Sund þaðan sem hún lauk stúdentsprófi 1993. Hugurinn stefndi snemma til kennslu og haustið 1993 hóf hún nám nám við nýstofnaða kennaradeild Háskólans á Akureyri. Eftir útskrift frá HA voruð 1996 starfaði hún í eitt ár sem kennari við Þelamerkurskóla rétt fyrir utan Akureyri. Eftir að elsta dóttirin kom í heiminn voruð 1997 flutti fjölskyldan til Þorlákshafnar þar sem Ólína fór að kenna við grunnskólann haustið 1998. Þar starfaði hún þangað til hún var ráðin í Kópavogsskóla. Með kennslunni lagði hún stund á meistaranám í stjórnun menntastofnana og lauk meistaraprófi haustið 2009.

Ólínu bjóðum við velkomna til starfa við Kópavogsskóla og við væntum góðs af samstarfi við hana

## Uppeldi til ábyrgðar

Síðastliðið skólaár hófs innleiðing á uppeldisaðferðinni Uppeldi til ábyrgðar og nú er unnið markvisst að því að vinna eftir henni. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fóru á námskeið í Álftanesskóla í byrjun ágúst en leiðbeinandi þar var Judy Anderson sem er einn af frumkvöðlum stefnunnar. Þá hefur námsráðgjafi og einn kennara skólans farið á námskeið. Einnig voru fræðslufundir fyrir starfsfólk skólans í fyrra vetur og aftur nú í upphafi skólaársins. Áætlað er að hafa kynningarfund fyrir foreldra í lok september þar sem þeim verður kynnt aðferðafræðin. Tímasetning verður auglýst síðar.

### Fræðsla um ADHD

Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur kom á undirbúningsdögum og ræddi við starfsfólk skólans um ADHD og hvernig best er að sinna þeim nemendum sem eru með þá greiningu. Gylfi hefur farið víða á vegum ADHD samtakanna og hefur um árabil unnið með fjölskyldum og börnum sem hafa ADHD greiningu og hefur mikla yfirsýn. Fræðsla sem þessi er mjög mikilvæg fyrir starfsfólk skólans og verulegu máli skiptir að viðhalda og bæta við þekkingu á málefnum sem hafa mikil áhrif á allt skólastarf.

### Sjónskerðing

Í flestum grunnskólum eru nemendur sem eru með skerta sjón og hjá sumum er skerðingin það mikil að þeir eru taldir „lögblindir“, þ.e. þeir greina útlínur hluta og lítið annað. Í Kópavogsskóla erum við svo heppin að vera með slíka nemendur og höfum því tækifæri til að læra af þeim ákveðna hluti um leið og við leitumst við að sinna þeirra þörfum. Í upphafi skólaársins fengum við fræðslu frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta

og daufblinda einstaklinga þar sem farið var yfir mikilvæg atriði í kennslu og samskiptum nemenda með verulega sjónskerðingu. Þar kom margt fróðlegt fram en mikilvægast var kannski það sem snýr að félaglega þættinum og hvað sérstaklega þarf að hafa í huga í samskiptum.

### Námsskyningar

Á námsskyningum gefst foreldrum tækifæri til þess að kynna sér nám barna sinna og hitta kennarana. Auk þess sem foreldrafulltrúar eru kosnir. Á námsskyningu í 1. bekk fá foreldrar ítarlega kynningu á skólanum, foreldrafélagi auk þess sem Vanda Sigurgeirsdóttir lektor við HÍ kemur og ræðir um líðan barna í skóla. Við lok námsskyningar í 1. bekk verður foreldrum boðið upp á súpu og spjall í starfsmannastofu skólans.

Tímasetningar námsskyninganna verða eftirfarandi:

1. bekkur þriðjudaginn 7. september kl. 18:00
- 2.-4. bekkur þriðjudaginn 7. september kl. 8:00
- 5.-7. bekkur miðvikudaginn 8. september kl. 8:00
8. -10. bekkur fimmtudaginn 9. september kl. 8:00

Kynningarnar fara fram í heimastofum bekkja nema kynningin fyrir foreldra nemenda 1. bekkjar sem verður í sal skólans.